

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2000/51/EB

2002/EES/23/14

frá 26. júlí 2000

um breytingu á tilskipun 95/31/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni til notkunar í matvælum(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/34/EB ⁽²⁾, einkum a-lið 3. mgr. 3. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sætuefni til notkunar í matvælum ⁽³⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 96/83/EB ⁽⁴⁾, eru talin upp þau efni sem leyfilegt er að nota sem sætuefni í matvælum.
- 2) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/31/EB frá 5. júlí 1995 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni til notkunar í matvælum ⁽⁵⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 98/66/EB ⁽⁶⁾, eru tilgreind hreinleikaskilyrði fyrir sætuefnin sem um getur í tilskipun 94/35/EB.
- 3) Með tilliti til tækniframfara er nauðsynlegt að breyta hreinleikaskilyrðunum sem voru tilgreind í tilskipun 95/31/EB varðandi mannítól (E 421) og maltítólsíróp (E 965 (ii)). Því er nauðsynlegt að laga tilskipunina að þessu.
- 4) Nauðsynlegt er að taka mið af forskriftum og greiningaraðferðum fyrir sætuefni sem eru settar fram í *Codex Alimentarius* af sameiginlegri sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um aukefni í matvælum (JECFA).
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað textans um mannítól (E 421) og maltítólsíróp (E 965 (ii)) í viðaukanum við tilskipun 95/31/EB komi textinn í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. júlí 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 198, 4.8.2000, bls. 41, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2001 frá 28. september 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 60, 6.12.2001, bls. 16.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 48, 19.2.1997, bls. 16.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 178, 28.7.1995, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 257, 19.9.1998, bls. 35.

VIÐAUKI

„E 421 MANNÍTÓL

1. Mannítól

Samheiti

D-mannítól

Skilgreining

Mannítól er framleitt með hvataðri vetnun á blöndu af glúkósa og frúktósa sem er framleidd úr andsykri (invert sugar)

Efnaheiti

D-mannítól

Einecs-nr.

200-711-8

*Efnaformúla*C₆H₁₄O₆*Mólþungi*

182,2

Magngreining

Innihald ekki undir 96,0% af D-mannítóli og ekki yfir 102% miðað við þurrvig

Lýsing

Hvít, lyktarlaust, kristallað duft

Sanngreining

A. Leysni

Auðleysanlegt í vatni, illleysanlegt í etanóli, nánast óleysanlegt í etra

B. Bræðslumark

Milli 164 og 169 °C.

C. Þunnlagsskiljun

Stenst prófunina

D. Eðlissnúningur

[α]²⁰_D: +23° til +25° (bóratlausn)

E. pH

Milli 5 og 8

0,5 ml af mettaðri kalíumklóríðlausn er bætt við 10 ml af 10% lausn af sýninu, massi miðað við rúmmál, og pH síðan mælt

Hreinleiki

Efnistap við þurrkun

Ekki yfir 0,3% (105 °C, 4 klukkustundir)

Afoxandi sykrur

Ekki yfir 0,3% (sem glúkósi)

Sykrur alls

Ekki yfir 1% (sem glúkósi)

Súlfataska

Ekki yfir 0,1%

Klóríð

Ekki yfir 70 mg/kg

Súlfat

Ekki yfir 100 mg/kg

Nikkel

Ekki yfir 2 mg/kg

Blý

Ekki yfir 1 mg/kg

2. Mannítól, framleitt með gerjun

Samheiti

D-mannítól

SkilgreiningMannítól má einnig framleiða með rofinni gerjun við loftháðar aðstæður með hefðbundnum stofni gersveppsins *Zygosaccharomyces rouxii**Efnaheiti*

D-mannítól

Einecs-nr.

200-711-8

*Efnaformúla*C₆H₁₄O₆*Mólþungi*

182,2

Magngreining

Innihald að minnsta kosti 99% miðað við þurrefni

Lýsing

Hvít, lyktarlaust, kristallað duft

Sanngreining

- A. Leysni
- B. Bræðslumark
- C. Þunnlagsskiljun
- D. Eðlissnúningur
- E. pH

Vatnsleysanlegt, illleysanlegt í etanóli, nánast óleysanlegt í etra
Milli 164 og 169 °C
Stenst prófunina
[α]²⁰_D: +23° til + 25° (bóratlausn)
Milli 5 og 8
0,5 ml af mettaðri kalíumklóríðlausn er bætt við 10 ml af 10% lausn af sýninu, massi miðað við rúmmál, og pH síðan mælt

Hreinleiki

- Arabítól
- Efnistap við þurrkun
- Afoxandi sykrur
- Sykrur alls
- Súlfataska
- Klóríð
- Súlfat
- Blý
- Loftháðar, miðsæknar bakteríur
- Kóliгерlar
- Salmonella*
- E. coli*
- Staphylococcus aureus*
- Pseudomonas aeruginosa*
- Myglusveppir
- Gersveppir

Ekki yfir 0,3%
Ekki yfir 0,3% (105 °C, 4 klukkustundir)
Ekki yfir 0,3% (sem glúkósi)
Ekki yfir 1% (sem glúkósi)
Ekki yfir 0,1%
Ekki yfir 70 mg/kg
Ekki yfir 100 mg/kg
Ekki yfir 1 mg/kg
Ekki yfir 10³/g
Enginn í 10 g
Engin í 10 g
Enginn í 10 g
Enginn í 10 g
Enginn í 10 g
Ekki yfir 100/g
Ekki yfir 100/g⁺

„E 965 (ii) MALTÍTÓLSÍRÓP**Samheiti****Skilgreining**

Magngreining

Vetnað, maltósaauðugt glúkósasíróp, vetnað glúkósasíróp
Blanda, einkum úr maltítóli og sorbítóli ásamt vetnuðum fá- og fjölsykrum. Hún er framleidd með hvataðri vetnun á maltósaauðugu glúkósasírópi. Verslunarvaran er á boðstólum bæði sem síróp og fast efni.
Heildarinnihald vetnaðra sykra er ekki minna en 99% miðað við vatnsfrítt efni og innihald maltítóls ekki minna en 50% miðað við vatnsfrítt efni
Litlausir og lyktarlausir, tærir, seigfljótandi vökvar eða hvítt, kristallað efni

Lýsing**Sanngreining**

- A. Leysni
- B. Þunnlagsskiljun

Auðleysanlegt í vatni, illleysanlegt í etanóli
Stenst prófunina

Hreinleiki

- Vatnsinnihald
- Afoxandi sykrur
- Súlfataska
- Klóríð
- Súlfat
- Nikkel
- Blý

Ekki yfir 31% (Aðferð Karls Fischer)
Ekki yfir 0,3% (sem glúkósi)
Ekki yfir 0,1%
Ekki yfir 50 mg/kg
Ekki yfir 100 mg/kg
Ekki yfir 2 mg/kg
Ekki yfir 1 mg/kg⁺